

Haldið 25. nóvember 2011 á Ísafirði

Þinggerð

---

## Þinggerð Aukaþings Fjórðungssambands Vestfirðinga um stoðkerfi atvinnu og byggða

Árið 2011 föstudaginn 25. nóvember kl. 10.45 haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.

### 1. Þingsetning og ræða formanns

Albertína Fr. Elíasdóttir, formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna. Vísast í þingskjal nr. 3.

Bar formaður síðan upp tillögu að þingforseta og varaþingforseta.

Þingforseti var kosinn Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Tálknarfjarðarhrepp, varaþingforseti var kosinn Elías Jónatansson, Bolungarvíkurkaupstað.

Þingritarar voru kosnir, Ásgerður Þorleifsdóttir starfsmaður Atvest og Díana Jóhannsdóttir starfsmaður Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Tók varaþingforseti, Elías Jónatansson við stjórn fundarins. Benti hann á að um sé að ræða stórt mál sem sé verið að taka fyrir og hvatti fólk til að hafa virkar umræður og kynna sér þau gögn sem fyrir fundinum liggja.

Þá bar þingforseti upp tillögu að kjörbréfanefnd:

Kjörbréfanefnd:

Gísli Halldór Halldórsson, Ísafjarðarbæ.  
Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð.  
Andrea Björnsdóttir, Reykhólahrepp.

Tillagan samþykkt með lófaklappi.

### 2. Framlagning þingmáls.

#### **Framsaga um tillögur starfshóps um endurskoðun stoðkerfis atvinnu og byggða Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps og fulltrúi starfshóps.**

Þingforseti gaf nú orðið til Ómars Mús Jónssonar, sveitarstjóra Súðavíkurhrepps og fulltrúa í skipuðum starfshóp um endurskoðun stoðkerfis atvinnu og byggða, sem fór yfir vinnu starfshópsins. Ómar Már Jónsson leggur fram tillögur varðandi endurskoðun stoðkerfisins sem þingfulltrúi. Sjá nánar þingskjal nr. 4.

Mál lagt fram af þingfulltrúa Ómari Má Jónssyni, tvær tillögur starfshóps um útfærslu á sameiningu stoðkerfis atvinnu og byggða á Vestfjörðum.

Tillaga nr. 1 – sameining með fimm kjörnum fulltrúum í stjórn.

Tillaga nr. 2 – sameining með þremur sveitarstjórnarmönnum og tveimur hagsmunaaðilum í stjórn.

## Hádegishlé

### 3. Fyrri umræða

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir tók við störfum þingforseta og greindi frá aðferðum við þingsköp. Síðar gaf hún orðið laust.

Til máls tók Sigurður Arnfjörð fyrir hönd Feðamálasamtaka Vestfjarða (FMSV) og greindi hann frá ályktun stjórnar FMSV varðandi sameiningu stoðkerfis atvinnulífsins á Vestfjörðum. Óskaði hann eftir því að fært verði til bókar að formlegt klasasamstarf verði lagt til kosningar. Fyrsta viðbótartillaga, sjá þingsjal nr. 5.

Magdalena Sigurðardóttir, talsmaður Atkvenna, spyr hver staða Atvest verði innan þessarar stofnunar. Hvert munu viðskiptavinir Atvest leita eftir sameiningu, verður stjórn Atvest áfram starfandi og mun félagið starfa áfram undir sinni kennitölu. Einnig spyr Magdalena hvort ekki verði of mikið rót á stjórn nýrrar stofnunar sem hún sé einungis skipuð sveitarstjórnarfulltrúum sem skipt er um annað hvert ár á Fjórðungþingi.

Jón Jónsson, sveitarstjórnarfulltrúi Strandabyggðar tók til máls og greindi frá stöðu sinni sem stjórnarmaður Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) og að hann hafi sagt sig úr stjórn FV á meðan vinnu nefndarinnar stóð. Lagði hann áherslu á eitt viðmót allra starfstöðva sama hvaða tillaga yrði samþykkt. Hann spurðist fyrir um hlutverk fagráðs, völd þess, en einnig fannst honum vanta fulltrúa landbúnaðar þar inn. Jóni fannst vanta í skýrslu starfshóps betri skilgreiningar á starfsstöðvum hvers svæðis og hvert lágmarksstöðugildi þyrfti að vera á hverjum stað. Hvetur Jón frekar til þess að horft verði á að ný stofnun sé sjálfseignarstofnun. Benti hann í lokin á ályktun frá Menningarráði Vestfjarða sem fylgir fundargögnum og ítrekar yfirlýsingu Menningarráðs um sjálfstæði sitt.

Shiran Þórisson, starfsmaður Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða (Atvest), ávarpar þingið og gerði grein fyrir ályktun starfsmanna Atvest varðandi nánara samstarfs stofnana. Hann ítrekaði að málið sé viðkvæmt og mikilvægt sé að hafa starfsmenn með sér í liði því það séu starfsmennirnir sem eiga að vinna í stoðkerfinu.

Arna Lára Jónsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi Ísafjarðarbærjar gerði grein fyrir stöðu sinni sem fulltrúi starfshóps og sem stjórnarmanns í Vaxtarsamningi Vestfjarða. Arna Lára bendir fulltrúa Atkvenna á að stjórn FV sé kosin annað hvert ár en stjórn Atvest sé kosin árlega og því mætti telja að minna rót yrði á stjórn nýrrar stofnunar. Arna Lára fer yfir útfærslu starfshópsins er snýr að Atvest, og ástæðu þess að fulltrúi landbúnaðar var ekki settur í tillögu starfshóps um fagráð og bendir á að stuðningskerfi landbúnaðar sé rekið alfarið af ríkisvaldinu en ekki sveitarfélögunum líkt og þær stofnanir sem sameiningartillögurnar snúa að.

Jóna Benediksdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi Ísafjarðarbæjar tekur til máls. Er talsmaður sameininga og telur að hægt sé að ná meiri árangri saman. Telur hún sameiningu ekki koma í veg fyrir sjálfstæði Menningarráðs Vestfjarða, enda geti það áfram starfað sem úthlutunarráð. Styður Jóna tillögu með fimm manna pólitískri stjórn enda séu allar þessar stofnanir háðar fjármagni sveitarstjórna, einnig væru aðilar hagsmunaaðila umboðslausir í stjórn.

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar og stjórnarmaður í Atvest, tekur til máls. Greindi hún frá verklagi sameinaðar stofnunar á Vesturlandi. Þar eru 3 starfstöðvar, ein

stjórn landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélags, bendir einnig á að stjórnámálamenn séu líka fagmenn og það sé ekki síður pólitík í hagsmunasamtökum.

Shiran Þórisson starfsmaður Atvest tók aftur til máls og áréttaði að það væri tillaga starfsmanna að Atvest í samstarfi við FV myndu leiða klasasamstarf ef farið væri þá leið.

Gísli Halldór Halldórsson, sveitarstjórnarfulltrúi Ísafjarðarbæjar, tók til máls. Velti hann fyrir sér fyrirkomulagi fundarins þar sem komnar eru nýjar tillögur. Hann spyr hvað sé verið að samþykka, í raun sé verið að fela stjórn FV að fara í þá vinnu sem fara þarf í framhaldinu varðandi samninga við viðeigandi stofnanir og nánari útfærslu á vinnu. Styður Gísli Halldór tillögu nr. 1 sem felur í sér algjörlega pólitíska stjórn en einnig telur hann að í fagráðinu ætti að fara fram stefnumótunarvinna sem sé síðan borin undir stjórn sem hefur endanlegt ákvörðunarvald.

Guðbrandur Sverrisson, sveitarstjórnarfulltrúi Kaldrananeshrepps tekur til máls en tekur hann undir orð Gísla Halldórs að erfitt sé að koma auga á tilgang fagráðs og hvaða hlutverki það gegnir. Leggur Guðbrandur fram breytingartillögu þess efnis að fulltrúi landbúnaðarins sé inn í fagráð. (Sjá þingsskjal nr. 6) Breytingartillagan tekur jafnt til tillögu nr. 1 og tillögu nr. 2.

Elías Jónatansson, sveitarstjórnarfulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðs tekur til máls. Tekur hann undir orð Shirans að mikilvægt sé að starfsmenn stoðkerfisins séu sáttir við breytingarnar. Elías hefði vilja sjá sameiginlegan rekstrarreikning nýrrar stofnunar í skýrslunni, sem og þær SVÓT-greiningar sem unnar voru í ferlinu.

Sigríður Kristjánsdóttir, fulltrúi iðnaðarráuneytis tekur til máls. Ráðuneytið lítur jákvætt á sameiningar og aukið samstarf. Vill hún ítreka það að allir innan stoðkerfis hafi unnið af heilum hug og skilað árangir. En Sigríður hvetur til þess að horft verði til framtíðar, og þá sérstaklega á hvað við viljum að þessi stofnun geti gert í framtíðinni. Einmenningsstofnanir geti illa sinnt þeim verkefnum að sækja um stóra styrki en það er það sem þarf að gera í framtíðinni, okkur vantar pening inn í kerfið.

Guðni Einarsson stjórnarmaður Atvest tekur til máls og óskar eftir svörum hvað gerist ef viðkomandi stjórnir samþykki ekki þá tillögu sem samþykkt verður á þinginu. Einnig spyr Guðni hvort tryggt sé að samningur Atvest haldist eftir sameiningu.

Gísli Halldór Halldórsson, sveitarstjórnarfulltrúi Ísafjarðarbæjar tekur aftur til máls og leggur fram tvær breytingartillögur. Breytingartillaga nr. 2, leggur til breytingu á skipuriti starfshópsins þess efnis að fagráð heyri bein undir stjórn og að það hafi ekkert boðvald yfir starfseminni. (Sjá þingsskjal nr. 7) Gísli Halldór leggur einnig fram breytingartillögu nr. 3, sem felur í sér breytingu á fagráði. Fagráð verði skipað einum fulltrúa úr hverri hinna fimm stofnana fram til næsta Fjórðungsþings, þar sem skipan í fagráð verði tekin fyrir. (Sjá þingsskjal nr. 8)

Magdalena Sigurðardóttir, talsmaður Atkvenna tekur aftur til máls og undrast stjórnskipan í Atvest, þar sem séu of margir sveitarstjórnarfulltrúar. Telur hún að verkefnin eigi að koma frá fyrirtækjum og hinum almenna borgara en ekki pólitískum fulltrúum.

Jóhann Hanniblasson, sveitarstjórnarfulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðs tekur til máls og styður tillögu FMSV.

Sigurður Arnfjörð tekur aftur til máls og bendir á allar þær ályktanir sem komið hafa fram og hversu margir aðilar séu á móti þessari sameiningu. Telur hann mikið vald í höndum þingfulltrúa og mikilvægt að þeir hlusti á gagnrýnisraddir.

Arna Lára Jónsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi Ísafjarðarbæjar tekur aftur til máls og ítrekar mál sitt er varðar stjórnskipan í Atvest og setu fulltrúa landbúnaðar í fagráði. Einnig ítrekar hún að það sé ekki álit starfshóps að starfsmenn hafi ekki verið að sinna vinnu sinni, en alltaf megi gera betur.

Ómar Már Jónsson, tekur aftur til máls og fer yfir þær spurningar sem varpað hefur verið fram. Til að svara spurningum Magdalenu Sigurðardóttur fer Ómar yfir tillögurnar og hvernig þær snúa að Atvest, viðskiptavinir leita áfram á sömu staði og eiga ekki að fá minni þjónustu heldur meiri, betri og samhæfðari þjónustu. Stjórn Atvest verður lögð niður en fjármál hveirrar undirstofnunar verða samt sem áður sér. Ómar tekur undir með Jóni Jónssyni að útfæra hefði mátt starfsstöðvarnar nánar en að einnig væru atriði sem þyrfti að fara betur yfir í innleiðingarferlinu. Til að svara spurningu Guðna varðandi næstu skref vísar Ómar til þess að sú ákvörðun sem tekin yrði í dag verði borin undir viðkomandi stjórnir og hún unnin í áframhaldi, en auðvitað væri engin trygging fyrir því að allar stjórnir væru samþykkar þessum breytingum. Varðandi samninga við ríkisvaldið eru engar tryggingar en allir sem starfshópurinn hefur leitað til vegna þessa eru jákvæðir enda kemur ákveðinn hvati frá yfirvaldinu um sameiningar. Ómar tekur jákvætt í þær tillögur og athugasemdir sem borist hafa varðandi fagráðið, enda var ljóst af hálfu starfshópsins að útfæra þyrfti betur setu í fagráðinu. Einnig tekur Ómar undir með Elíasi að ef til vill hefði átt að birta sameiginlegan rekstrarreikning fyrir heildarstofnunina, sem og þær svót greiningar sem gerðar voru.

Þingforseti bar upp breytingartillögu frá Atkonum, þingsskjal nr. 9.

*„Legg til að Atvest h/f verði sjálfstæð stoð í „stoðkerfi atvinnu og byggða á Vestfjörðum“ í samstarfi við Fjórðungssamband Vestfirðinga.“*

#### 4. Seinni umræða

Þingforseti óskar eftir að öllum viðbóta- og breytingartillögum sé skilað inn skriflega. Breytingartillögur sem bárust:

- 1. Breytingartillaga nr. 1, frá Guðbrandi Sverrissyni, þess efnis að fulltrúi landbúnaðar fengi sæti í fagráði.**  
*„Í fagráði eftir fulltrúa verslunar og þjónustu komi fulltrúi landbúnaðar.“*
- 2. Breytingartillaga nr. 2, frá Gísla Halldóri Halldórssyni, þess efnis að fagrád heyri beint undir stjórn.**  
Breyting á skipuriti, sjá þingsskjal nr. 7.
- 3. Breytingartillaga nr. 3, frá Gísla Halldóri Halldórssyni þess efnis að fagrád verði fram að næsta Fjórðungspingi skipað einum fulltrúa hveirrar stofnunar sem um ræðir.**  
*„Fagrád verði, fram að næsta Fjórðungspingi, skipað einum fulltrúa úr hverri hinna fimm stofnana sem verið er að sameina. Á næsta Fjórðungspingi verði gerð tillaga um hvernig fulltrúar hagsmunaaðila og atvinnulífs verði skipaðir.“*

Tillögur, ásamt viðbótartillögum sem bárust:

- 1. Tillaga nr. 1, frá starfshóp lögð fram af Ómari Má Jónssyni, sameining með stjórn fimm sveitarstjórnarfulltrúa.**

2. Tillaga nr 2, frá starfshóp lög fram af Ómari Má Jónssyni, sameining með stjórn þriggja sveitarstjórnarfulltrúa og tveggja hagsmunaaðila.
3. Tillaga FMSV, lögð fram af Ferðamálasamtökum Vestfjarða, formlegt klasasamstarf, sjá þingskjal nr. 5.
4. Tillaga Atkvenna, lögð fram af Magdalendu Sigurðardóttur, óbreytt ástand.

Forseti gaf orðið laust um tillögurnar.

Sigurður Pétursson, sveitarstjórnarfulltrúi Ísafjarðarbæjar tók til máls og lýsti yfir stuðningi við tillögu nr. 1 og hvatti aðra þingfulltrúa til að kjósa þá tillögu.

## 5. Afgreiðsla máls

### Kosning um breytingartillögur með handauppréttingum

Þingforseti bar breytingartillögu nr. 2 upp og var hún samþykkt með handauppréttingu. Þingforseti bar breytingartillögu nr. 3 upp þar sem hún gengur lengra en breytingartillaga nr. 1. Var hún samþykkt með handauppréttingu og því var breytingartillaga nr. 1 felld.

**Kosning um tillögur, þingforseti óskaði eftir leyfi þingsins til kosninga milli allra fjögurra tillagnanna í skriflegri kosningu, ef engin þeirra hlyti í fyrstu tilraun meirihluta atkvæða væri kosið aftur milli þeirra tveggja tillagna sem flest fengu atkvæði. Þingið samþykkti tillögu þingforseta. Kosið um eftirfarandi tillögur:**

Tillaga nr. 1.

Tillaga nr. 2.

Tillaga nr. 3. (FMSV).

Hafna öllum, óbreytt ástand, tillaga lögð fram fyrir hönd Atkvenna.

**Tillaga nr. 1 var samþykkt með 72,4% atkvæða og var kosningaþátttaka 93,5%.**

## 6. Kjörbréfanefnd

Öll sveitarfélög skiluðu kjörbréfum og gild kjörbréf eru 39. Mættir eru 26 þingfulltrúar sem hér segir, en ekki hafa borist umboð fyrir alla fjarverandi fulltrúa.

Sveitarfélag	Aðalfulltrúi	Heildaratkvæðavægi sveitarfélags
Árneshreppur	Oddný S. Þórðardóttir Guðlaugur Ingólfur Benediktsson	150 (1,56 %)
Bolungarvíkurkaupstaður	Elías Jónatansson María Elísabet Jakobsdóttir Baldur Smári Einarsson Ylfa Mist Helgadóttir Ketill Elíasson Jóhann Hannibalsson Víðir Benediktsson	1.455 (15,17 %)

Elías Jónatansson var með umboð Baldurs Smára Einarssonar, Maríu

Elísabetar Jakobsdóttur og Víðis Benediktssonar. Ekki bárust umboð frá Ylfu Mist Helgadóttur og Katli Elíassyni sem voru fjarverandi.

**Ísafjarðarbær** Arna Lára Jónsdóttir 3.899 (40,66 %)  
Albertína Elíasdóttir  
Gísli Halldór Halldórsson  
Jóna Benediktsdóttir  
Kristín Hálfhánsdóttir  
Sigurður Pétursson  
Kristján Andri Guðjónsson  
Guðfinna Hreiðarsdóttir

Gísli Halldór Halldórsson var með umboð frá Albertínu Fr. Elíasdóttur og Kristínu Hálfhánsdóttur.

**Kaldrananeshreppur** Jenný Jensdóttir 336 (3,50 %)  
Óskar Torfason  
Guðbrandur Sverrisson  
Sunna Einarsdóttir  
Magnús Ásbjörnsson

Guðbrandur Sverrisson var með umboð frá Sunnu Einarsdóttur, Óskari Torfasyni og Magnúsi Ásbjörnssyni,

**Reykhólahreppur** Gústaf Jökull Ólafsson  
Andrea Björnsdóttir 582 (6,07 %)  
Sveinn Ragnarsson

**Strandabyggð** Ingibjörg Benediktsdóttir  
Jón Gísli Jónsson 762 (7,95 %)  
Jón Jónsson

Jón Jónsson var með umboð frá Kötlu Kjartansdóttur og Jón Gísli Jónsson var með umboð frá Ingibjörgu Benediktsdóttur.

**Súðavíkurhreppur** Ómar Már Jónsson  
Ester Rut Unnsteinsdóttir 404 (4,21 %)

**Tálknafjarðarhreppur** Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir  
Birna Sigurbjörg Benediktsdóttir 598 (6,24 %)

**Vesturbyggð** Arnheiður Jónsdóttir

Ásgeir Sveinsson 1.403 (14,63 %)  
Friðbjörg Matthíasdóttir  
Ingimundur Óðinn Sverrisson  
Guðrún Eggertsdóttir  
Ásdís Snót Guðmundsdóttir  
Jón Árnason

Arnheiður Jónsdóttir var með umboð Guðrúnar Eggertsdóttur. Friðbjörg Matthíasdóttir var með umboð Óðins Sverrissonar, Ásgeir Sveinsson og Ásdísar Snótar Guðmundsdóttur. Engu umboði var skilað inn fyrir Jón Árnason sem var fjarverandi.

Forseti þakkaði formanni kjörbréfanefndar fyrir.

## 7. Önnur mál

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga tók til máls og greindi frá niðurstöðu ráðherranefndar vegna Sóknaráætlunar landshluta. 57 verkefni voru send inn og 11 fóru í gegn, þar af eitt verkefni frá Vestfjörðum, Haf og strönd.

Magdalena Sigurðardóttir tók til máls og lýsti yfir vonbrigðum með niðurstöðu þingsins og taldi daga Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða talda. Einnig greindi hún frá tildrögum að stofnun Atvest.

Fleiri tók ekki til máls.

## 8. Þingslit

Þingforseti þakkaði fyrir umboðið og traust í sinn garð við fundarstörf og gaf formanni Fjórðungssambands Vestfirðinga, Albertínu Fr. Elíasdóttur, orðið til að slíta þingi. Formaður þakkaði þingfulltrúum fyrir góða vinnu. Þakkaði hún framkvæmdarstjóra og starfmönnum fundarins fyrir allan undirbúning og skipulagninu á þinginu.

Þingi slitið kl. 16:00

Þingritarar; Ásgerður Þorleifsdóttir og Díanna Jóhannsdóttir